



Gáfu ómskoðunartæki í minningu 10 ára drengs

Heila- og taugaskurðlækningadeild B6 á Landspítala Fossvogi hefur fengið að gjöf ómskoðunartæki til að mæla blóðflæði í sðum við skurðagerðir. Gjöfin er til minningar um Jakob Örn Sigurðarson sem lést 9. mars 2008 af völdum heilablæðingar, þá á ellefta ári.

Foreldrar Jakobs Arnar og einn af þremur bræðrum hans afhentu gjöfina. Aðdragandi hennar var sá að fyrirtækið Sensa ehf. varð 10 ára fyrr á árinu en faðir Jakobs hefur starfað þar síðan 2003. Í tilefni af afmælinu og að Jakob Örn var 10 ára þegar hann lést færði Sensa fjölskyldunni peningagjöf til minningar um drenginn sem henni var falið að gefa áfram þangað sem hún kæmi að góðum notum. Jakob Örn hafði átt margar stundir á skrifstofu Sensa og þekkti starfsfólkð mjög vel. „Fjölskyldan vildi að minningargjöfin tengdist heilablæðingum á einhvernu

hátt og ákvað að færa heila- og taugaskurðlækningadeildinni hana,“ segir í tilkynningu frá LSH.

Herdís Þorlákssdóttir, móðir Jakobs Arnar, segir að það sé gott að geta gefið í minningu barnsins síns og haldið minningu þess lifandi. „Tækið er ekki eins og hvert annað tæki sem er keypt heldur er það minning um barn,“ segir Herdís.

Vöðstödd afhendinguna voru Ingvar Hákon Ólafsson, heila- og taugaskurðlæknir, Aron Björnsson, yfirlæknir heila- og taugaskurðlækninga, Herdís Þorlákssdóttir (móðir), Sigurður Magnús Jónsson (faðir), Rafnar Örn Sigurðarson, 10 ára yngri bróðir, og Valgerður Hrunn Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa ehf. Tveir yngri bræður, Óttar Örn og Ivar Örn, voru heima. Ingvar brá nýja tækinu á Rafnar Örn og það reyndist vera ágætis blóðflæði í fimeleikastránum.



Morgunblaðið/Birkir Fanndal

Verðmæti í Mývatni er fjölbreyttur lífmassi sem skoðaður verður með tilliti til nýtingar. Á myndinni er sérstakur gerlagróður á botni Mývatns.

MýSköpun stofnuð í Mývatnssveit

● Tilgangur félagsins er að vinna að umhverfissvænni nýsköpun í sveitinni

Birkir Fanndal
Mývatnssveit

MýSköpun heitir félag sem stofnað hefur verið í Mývatnssveit.

Tilgangur félagsins er að vinna að umhverfissvænni nýsköpun í sveitinni, sem byggð verði á ræktun lífmassa svo sem þörungur úr Mývatni og nýtingu umframvarma sem hér er til staðar í verulegu magni.

Unnið hefur verið að undirbúningi þessa verkefnis síðan 2010 í samstarfi Skútustaðahrepps, Háskólans á Akureyri og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

Segja má að hugmyndin hafi kviknað á íbúafundi sem haldinn var í Skjölbrekku 27. febrúar 2010. Það var síðan í júní á þessu ári sem haldinn var kynningarfundur í Reykjavík. Á þann fund voru boðaðir íbúar Mývatnssveitar og nágrennsveitarfélaga. Þar voru hugmyndir reifaðar og

fyrirspurnum svarað. Á stofnfundinum, sem haldinn var í sðustu viku, voru nær 40 manns, heimafólk ásamt fulltrúum frá Háskólanum á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Matis.

Eftir framsöguerindi og umræður var gengið til stofnunar félagsins MýSköpun ehf. Í stjórn hins nýja félags voru kosin: Dagbjört Bjarnadóttir, oddviti Skútustaðahrepps, sem er formaður – aðrir í stjórn: Þorsteinn Ingi Sigfísson, Hjörleifur Einarsson, Óli Grétar Friðdal Sveinsson og Jóhann Friðrik Kristjánsson.

Rúmum 10 milljónum hefur verið safnað í hlutafé auk þess sem nokkrir aðilar hafa heitið margsköpunar stuðningi við fyrirtækið.

Bjartsýni var ríkjandi á fundinum og ekki síst vegna þeirra fjölbreyttu möguleika sem eru í lífríki Mývatns og jarðvarmanum auk annars.

Fyrirverandi starfsfólk IE með markað

Fyrirverandi starfsfólk Iceland Express heldur markað að Ármúla 7 dagana 15., 16. og 17. nóvember. Kallast hann Bjúti frí markaðurinn og jafnframt hefur verið opnað kaffihúsið Iceland Express.

Í tilkynningu frá starfsfólkinu segir að á markaðinum kenni margra grasa. „Darna verður til dæmis á bóðstólum notaður fullorðins- og barnafatnaður sem oftar en

ekki hefur verið keyptur á erlendri grundu, undurfragrir aðventukransar, ýmiss konar handverk, glys, glimmer og tóm hamingja,“ segir í tilkynningunni.

Fyrirverandi starfsfólk IE verður á staðnum, þeirra á meðal fluglíðarnir fyrirverandi Edda Björgvins, Heiðar Jónsson og Helga Braga. Ópið verður alla dagana frá kl. 13-18.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. nóvember 2012 og önnur gjaldfallin áhögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskilylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistinátaskatti, fjársýsluskatti, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnuettittsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldir á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattranskónarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og áhögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar sem eftir atvikum. eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdraginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2012

Tollstjóri

Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvalselli